

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar lágmarkseftirlit sem fara skal fram í tengslum við kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa.**

### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2009 frá 1. maí 2010 öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- A. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar lágmarkseftirlit sem fara skal fram í tengslum við kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa.
- B. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 499/2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1082/2003 að því er varðar tímamörk og fyrirmynd að skýrslugjöf í nautgripageiranum.

### 2. gr.

Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 og nr. 499/2004 eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Tilvísanir í gerðum sem tilgreindar eru í 1. gr. er varða ákvæði í hinni sameiginlegu landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins (CAP) gilda ekki við framkvæmd reglugerðar þessarar.

### 4. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

### 5. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og öðlast gildi 1. nóvember 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 2011.*

**Jón Bjarnason.**

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal 1.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1082/2003**

frá 23. júní 2003

**þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar lágmarkseftirlit sem fara skal fram í tengslum við kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97<sup>(1)</sup>, einkum d-lið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2630/97 frá 29. desember 1997 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 að því er varðar lágmarkseftirlit sem á að fara fram á grundvelli kerfis fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa<sup>(2)</sup> hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum<sup>(3)</sup>. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda reglugerðina.
- 2) Rétt er að skilgreina lágmarkseftirlitið sem þarf að fara fram til að tryggja að kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa komi til framkvæmda á viðeigandi hátt.
- 3) Lögbært yfirvald í hverju aðildarríki skal annast eftirlitið á grundvelli áhættugreiningar. Í áhættugreiningunni skal tekið tillit til allra viðeigandi þátta, einkum atriða sem varða heilbrigði manna og dýra.
- 4) Að meginreglu til skal eftirlitið ná til allra dýra á bújörðinni. Ef ekki er gerlegt af hagkvæmnisástæðum að safna saman dýrum á bújörðinni innan 48 klukkustunda er lögbæru yfirvaldi þó heimilt að nota viðeigandi sýnatökukerfi.
- 5) Lögbært yfirvald hvers aðildarríkis skal annast vettvangsskoðanir, sem eiga alla jafna að vera án fyrirvara, eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3508/92 frá 27. nóvember 1992 um samþætt stjórnunar- og eftirlitskerfi fyrir tiltekin aðstoðarkerfi Bandalagsins<sup>(4)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 495/2001<sup>(5)</sup>.

6) Aðildarríkjunum ber að leggja árlega skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina með upplýsingum um framkvæmd eftirlitsins.

7) Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkjunum í té fyrirmynd að slíkri skýrslu.

8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um Þróunar- og ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirlitið sem felst í kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa skal a.m.k. uppfylla lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í 2. til 5. gr.

2. gr.

1. Í hverju aðildarríki skal lögbært yfirvald annast vettvangsskoðanir sem heimilt er að framkvæma í tengslum við aðrar skoðanir sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins. Þessar skoðanir skulu á hverju ári taka til a.m.k. 10% allra bújarða á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis. Þetta lágmarks-hlutfall eftirlits skal aukið tafarlaust þegar sýnt er að ekki hefur verið farið að löggjöf Bandalagsins um auðkenningu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt, þar sem aðildarríki hefur að fullu starfhæfan gagnagrunn í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000, sem býður upp á skilvirkt samanburðareftirlit, að minnka hlutfallið niður í 5%.

3. Val á bújörðum sem lögbært yfirvald á að skoða skal byggt á áhættugreiningu.

4. Við áhættugreiningu fyrir hverja bújörð skal einkum taka tillit til eftirfarandi:

a) fjölda dýra á bújörðinni, þ.m.t. upplýsingar um öll dýr sem fyrirfinnast á bújörðinni og eru auðkennd þar,

b) atriða sem varða heilbrigði manna og dýra, einkum hvort um er að ræða fyrri uppkomur sjúkdóma,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 354, 30.12.1997, bls. 23.<sup>(3)</sup> Sjá II. viðauka.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 355, 5.12.1992, bls. 1.<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 72, 14.3.2001, bls. 6.

- c) upphæðar árlegra framlaga vegna nautgripa sem lögð er fram krafa um á bújörðinni og/eða bújörðin fær greitt fyrir, samanborið við upphæðina sem greidd var á næstliðnu ári,
- d) verulegra breytinga í samanburði við ástandið á fyrri árum,
- e) niðurstöður eftirlits sem framkvæmt var á fyrri árum, einkum þær sem lúta að því:
- i. að skrá bújarðarinnar sé rétt færð eins og kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2629/97<sup>(1)</sup> og
  - ii. að vegabréf dýra, á bújörðinni, séu rétt skráð eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2629/97,
- f) viðeigandi miðlunar gagna til lögbærs yfirvalds,
- g) annarra viðmiðana sem aðildarríkin skilgreina.
5. Hver skoðun verður viðfangsefni skýrslu, á stöðluðu, landsbundnu formi, þar sem fram koma útkoman úr eftirlitinu og hvers kyns ófullnægjandi niðurstöður, ástæðan fyrir eftirlitinu og hvaða aðilar eru viðstaddir. Umsjónarmanni eða fulltrúa hans skal gefinn kostur á að undirrita skýrsluna og, eftir atvikum, setja fram athugasemdir sínar um innihald hennar.
6. Ef í ljós kemur að ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1760/200 hafa verið brotin skal tafarlaust senda eintök af skýrslunni, sem um getur í 5. mgr., til lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2419/2001<sup>(2)</sup>.

*3. gr.*

1. Eftirlitið skal taka til allra dýra á bújörðinni sem auðkennd hafa verið í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1760/2000.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að nota sýnatökukerfi, ef ekki er gerlegt af hagkvæmnisástæðum að safna saman dýrunum á bújörðinni innan 48 klukkustunda, að því tilskildu að áreiðanlegt eftirlit sé tryggt.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júní 2003.

*4. gr.*

Vettvangseftirlit skal almennt vera fyrirvaralaust. Þegar tilkynnt er um eftirlit fyrirfram skal tilkynningin takmarkast við algjörlega, nauðsynlegt lágmark og alla jafna berast innan 48 klukkustunda.

*5. gr.*

1. Hvert aðildarríki skal skila inn árlegri skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 1. júlí ár hvert þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:

- a) fjöldi bújarða í hlutaðeigandi aðildarríki,
- b) fjöldi skoðana sem gerðar eru skv. 2. gr.,
- c) fjöldi dýra sem hefur verið skoðaður,
- d) öll brot sem komið hafa í ljós,
- e) hvers kyns viðurlög sem beitt er í samræmi við 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal senda framkvæmdastjórninni eftir fyrirmyndinni sem er kynnt í I. viðauka.

*6. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 2630/97 er hér með felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

*7. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Romano PRODI

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 354, 30.12.1997, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 327, 12.12.2001, bls. 11.

*I. VIÐAUKI***Skýrsla um niðurstöður eftirlits sem fram fór í nautgripageiranum og varðar ákvæði Bandalagsins um auðkenningu og skráningu**

1. Upplýsingar í tengslum við niðurstöður í samræmi við a-, b- og c-liði 1. mgr. 5. gr:
  - a) heildarfjöldi bújarða sem skráðar voru á yfirráðasvæði aðildarríkisins í upphafi skýrslu-/skoðunartímabils,
  - b) heildarfjöldi bújarða sem voru skoðaðar,
  - c) heildarfjöldi skoðana,
  - d) viðmiðanir fyrir áhættugreiningu, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 2. gr., fyrir val á bújörðum til rannsóknar, með tilvísun til yfirvaldsins sem ábyrgðist þessar skoðanir og, ef unnt er, sundurliðun á því vali í samræmi við viðmiðanir áhættugreiningarinnar,
  - e) heildarfjöldi nautgripa, sem skráður er í upphafi skýrslu-/skoðunartímabilsins,
  - f) heildarfjöldi nautgripa sem hafa verið skoðaðir,
  - g) tegundir eftirlits, þ.e. eftirlit með ástandi, sanntöfun skjala og eftirlit með töfum á flutningstillkynningum.
2. Upplýsingar í tengslum við niðurstöður í samræmi við d- og e- lið 1. mgr. 5. gr.:
  - a) fjöldi brota sem uppvíst varð um og einkum hvers kyns misræmi sem kom í ljós við hverja tegund eftirlits sem fór fram í samræmi við g-lið 1. liðar,
  - b) viðurlög (þ.m.t. tegundir viðurlaga og upplýsingar sem varða stöðu eftirfylgni) sem beitt er í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 <sup>(1)</sup> og lögð fram í samræmi við tegundir eftirlits sem fram fór og brot sem uppvíst varð um í samræmi við g-lið 1. liðar og a-lið 2. liðar.

---

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB L 60, 28.2.1998, bls. 78.

## II. VIÐAUKI

## Niðurfelling

Reglugerð með síðari breytingum

- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2630/97 (Stjtið. EB L 354, 30.12.1997, bls. 23).
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 132/1999 (Stjtið. EB L 17, 22.1.1999, bls. 20).
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1898/2000 (Stjtið. EB L 228, 8.9.2000, bls. 22).

## III. VIÐAUKI

## Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 820/97	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.
a-liður 4. mgr. 2. gr.	a-liður 4. mgr. 2. gr.
b-liður 4. mgr. 2. gr.	b-liður 4. mgr. 2. gr.
c-liður 4. mgr. 2. gr.	c-liður 4. mgr. 2. gr.
d-liður 4. mgr. 2. gr.	d-liður 4. mgr. 2. gr.
Fyrsti undirliður e-liðar í 4. mgr. 2. gr.	i. liður e-liðar 4. mgr. 2. gr.
Annar undirliður e-liðar í 4. mgr. 2. gr.	ii. liður e-liðar 4. mgr. 2. gr.
f-liður 4. mgr. 2. gr.	f-liður 4. mgr. 2. gr.
g-liður 4. mgr. 4. gr.	g-liður 4. mgr. 2. gr.
5. mgr. 2. gr.	5. mgr. 2. gr.
6. mgr. 2. gr.	6. mgr. 2. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
5. gr.	5. gr.
—	6. gr.
6. gr.	7. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki

**Fylgiskjal 2.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 499/2004**

frá 17. mars 2004

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1082/2003 að því er varðar tímamörk og fyrirmynd að skýrslugjöf í nautgripageiranum****(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 <sup>(1)</sup>, einkum d-lið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 er kveðið á um nákvæmar reglur vegna framkvæmdar á reglugerð (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar lágmarkseftirlit sem skal fara fram í tengslum við kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa.
- 2) Frestur til að skila inn skýrslu um árlegt eftirlit samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1082/2003 skal lagaður að fresti til að skila skýrslum vegna árlegra framlaga samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2419/2001 frá 11. desember 2001 um nákvæmar reglur um beitingu samþætts stjórnunar- og eftirlitskerfis fyrir tiltekin aðstoðarkerfi Bandalagsins sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3508/92 <sup>(2)</sup>.
- 3) Í því skyni að tryggja skilvirkt samstarf milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar varðandi

afhendingu á niðurstöðum eftirlits með nautgripageiranum til framkvæmdastjórnarinnar, innan ramma árlegra skýrslna sem mælt er fyrir um í l. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1082/2003, er mikilvægt að bæta núverandi fyrirmynd að sendingu þessara skýrslna í því skyni að auka upplýsingagildi og sambærileika þeirra.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1082/2003 til samræms við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um Þróunar- og ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1082/2003 er breytt sem hér segir:

1. Í l. mgr. 5. gr. komi dagsetningin „31. ágúst“ í stað „1. júlí“.
2. Í stað I. viðauka komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 327, 12.12.2001, bls. 11, Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 118/2004 (Stjtið. ESB L 17, 24.1.2004, bls. 7).

## VIÐAUKI

## I. VIÐAUKI

## Skýrsla um niðurstöður eftirlits sem fram fór í nautgripageiranum í sambandi við ákvæði Bandalagsins um auðkenningu og skráningu

## 1. Almennar upplýsingar um dýr og skoðanir

Heildarfjöldi bújarða <sup>(1)</sup> sem skráðar voru á yfirráðasvæði aðildarríkisins í upphafi skýrslu-/skoðunartímabils	
Heildarfjöldi bújarða sem voru skoðaðar	
Heildarfjöldi skoðana	
Heildarfjöldi nautgripa sem skráður var í upphafi skýrslu-/skoðunartímabilsins	
Heildarfjöldi nautgripa á bújörðum sem voru skoðaðar	
<sup>(1)</sup> Eins og skilgreint er í öðrum undirlið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000.	

## 2. Brot, sem uppvíst varð um, eftir flokkum

	Sýkt dýr:	Bújarðir þar sem syking hefur greinst
1. Vanefndir á auðkenningu dýra		
2. Misræmi í skrá bújarðar		
3. Vanefndir á tilkynningum um fæðingu, dauða eða flutninga		
4. Frávik í vegabréfum <sup>(2)</sup>		
5. Dýr/bújarðir þar sem aðeins er um að ræða 1 brot eins og skráð er í 1.- 4. lið		
6. Dýr/bújarðir þar sem um er að ræða fleiri en 1 brot eins og skráð er í 1.- 4. lið		
7. Samtals dýr/bújarðir þar sem um er að ræða brot (5. og 6. liður)		
<sup>(2)</sup> Gildir ekki í aðildarríkjum sem hafa tekið þá ákvörðun að eingöngu eigi að gefa út vegabréf fyrir dýr sem ætluð eru til viðskipta innan Bandalagsins í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000.		

3. Viðurlög sem beitt er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 494/98<sup>(3)</sup>,

	Sýkt dýr:	Sýktar bújarðir
1. Takmarkanir á flutningum á einstökum nautgripum		
2. Takmarkanir á flutningum á öllum nautgripum á bújörðinni		
3. Förgun dýra		
Alls		

<sup>(3)</sup> Stj. tíð. EB L 60, 28.2.1998, bls. 78.“